

Myndin var tekin á fundi norrænu ritstjórna í Helsinki um daginn.  
Mynd/ Heli Mikkola.

# Fundur ritstjórna norrænu læknablaðanna

■ ■ ■ Védís Skarphéðinsdóttir

Ritstjórnir norrænu læknablaðanna hafa með sér einskonar bandalag og hittast einu sinni á ári til að bera saman sín blöð og bækur. Í ár var finnska læknablaðið, *Lääkärilehti*, gestgjafinn.

Allir þátttakendur eru á einu máli um mikilvægi þess að hittast og ná að ræða við fólk í sömu sporum. Í þessu samhengi er Ísland auðvitað litla systirin einsog alltaf, og hin blöðin eru öll eldri en *Lækna- blaðið*, stærri, hafa mun meiri mannafla, prenta fleiri tölublöð á ári og í mun stærra upplagi.

Þó er ýmislegt sameiginlegt með blöðunum: Læknafélögin í hverju landi eru eigendur og útgefendur blaðanna, áskrifendur eru kröfuharðir læknar, aðrir lesendur eru á höttunum eftir öðru og sjúklingavænna efni, þau þurfa að vera á tánnum í peningamálum, netið gefur þeim litlar sem engar tekjur og öll halda þau kúrsi með prentuðum blöðum. Auglýs-



ingum fækkar heldur og Svíar hafa farið þá leið að halda stóra fagfundi með lækn- um til að ná vopnum sínum. Flest blöðin vinna meira úr því efni sem liggur fyrir og er burðarás allra blaðanna, það eru fræðigreinar. Það er efnið sem fjölmiðlar og almenningur sækist mest eftir, og úr þeim efniviði má ná fleiri vinklum og útbúa fleira sem hægt er nota. Þetta þýðir að það þarf að trúá meira á þetta ritrýnda efni, og þá þarf að leggja meiri áherslu á gæðin fremur en fjölda greinanna.

Nútíminn krefst meiri sýnileika og hann er í boði á vefsíðum, feisbúkk, twitter, instagram og eftir nýjum hraðbrautum til lesenda, en bæði norska og danska blaðið höfðu nýlega gert könnun sem leiddi í ljós að þá ánægjulegu staðreynd að 94% af þeirra læknur lesa sín læknablað, og megnið af þeim les prentútgáfuna fyrst og fremst. Og það eru líka mun fleiri en bara læknar sem lesa blaðið, lesendur eru æ fleiri sögðu Danirnir. Rafræna útgáfan

er notuð meira til uppflættinga og til að renna yfir fyrirsagnir.

Öll blöðin koma mikið við sögu í fjölmiðlaumhverfinu í sínu landi, til þeirra er mikið vitnað og þau hafa tiltrú og traust annarra, og norska læknablaðið var meira að segja útnefnt tímarit ársins í Noregi 2018. Í útgáfuheiminum hefur það sýnt sig að vaxandi áhugi er meðal almennings á fræðilegu efni, efni sem stutt er af rannsóknum og heimildum. Sama gildir um útvarp og sjónvarp þar sem efni af þessum toga er eftirsótt, og sem lítið dæmi má nefna að á RIFF, kvikmyndahátíðinni í Reykjavík sem haldin verður innan skamms, verða sýndar fleiri heimildarmyndir en nokkru sinni fyrr.

Eftir stendur að burðarásinn í öllum blöðunum er ritrýnt efni sem dofna ekki og ástæða er til að vinna úr með tiltækum leiðum nútímans.



## Dagskrá öldungadeildar haustið 2018

Fyrsti fundur haustsins verður **miðvikudaginn 3. október**. Þá mun félagi okkar og læknir Ólafur Jónsson flytja erindi sem hann nefnir „Uppreisnin á Bounty, vopnuðu skipi hans hátignar Georgs Bretakonungs, í Kyrrahafi árið 1789.“

Næsti fundur verður **miðvikudaginn 7. nóvember**. Þá mun Þorvaldur Gylfason prófessor fjalla um „Skáldið og persónuna Einar Benediktsson“.

Síðasti fundur fyrir áramót verður **miðvikudaginn 5. desember**. Þá mun Páll Einarsson jarðeðlisfræðingur og prófessor fjalla um „Eldgos í Örfæjökli“.

### Um fundi öldungadeildar

Allir læknar sem náð hafa sextugsaldri eru velkomnir í okkar hóp samkvæmt lögum öldungadeildar Læknafélags Íslands. Vonumst við til að sjá sem flesta á fundum okkar, bæði verðandi félaga og skráða félaga í deildinni. Fundirnir eru haldnir kl. 16.00 fyrsta miðvikudag hvers mánaðar að Hlíðasmára 8 í Kópavogi.

Hálftíma fyrir fund er boðið upp á kaffi og vínarbrauð meðan félagar og gestir ræða saman og rifja upp gömlu góðu dagana.

**Kristófer Þorleifsson, formaður öldungadeildar**